

L Ö G

19

24. jan.

um breyting á lögum nr. 50 27. júní 1941, um gjaldeyrisvarasjóð og eftirlit með erlendum lántökum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 2. gr. laganna bætist ný málsgrein, er hljóðar svo:

Ef bankinn á einhverjum tíma á að dómi ráðherra nægilegar innistæður í erlendum gjaldeyri, getur ráðherra leyst bankann undan skyldunni til að leggja til hliðar erlendan gjaldeyri um óákveðinn tíma.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 24. janúar 1945.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Pétur Magnússon.

L Ö G

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta skemmtanaskatt með viðauka árið 1945.

20

30. jan.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Skemmtanaskatt samkv. lögum nr. 56 31. maí 1927 skal allt árið 1945 heimilt að innheimta af kvikmyndasýningum með 200% álagi og af öðrum skemmtunum með 20% álagi. Þó skulu leiksýningar, hljómleikar og söngskemmtanir innlendra manna undanþegnar álagningu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 30. janúar 1945.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Brynjólfur Bjarnason.